

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um brottvísanir umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hversu mörgum hefur verið synjað um alþjóðlega vernd frá upphafi árs 2020 til dagsins í dag?
2. Hversu mörgum umsækjendum um alþjóðlega vernd hefur verið synjað um efnismeðferð frá upphafi árs 2020 til dagsins í dag?
3. Hversu margar umsóknir hafa verið metnar bersýnilega tilhæfulausar frá upphafi árs 2020 til dagsins í dag?
4. Hversu margir umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa yfirgefið landið eftir synjun á umsókn frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag?
5. Hversu margar brottvísanir hafa farið fram með lögreglufylgd frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag, tilgreint eftir heimaríki/viðtökuríki, og hversu margar þeirra fóru fram með lögreglufylgd:
 - a. alla leið til heimaríkis/viðtökuríkis,
 - b. hluta af leið til heimaríkis/viðtökuríkis?
6. Hversu margar brottvísanir til Grikklands hafa verið framkvæmdar árið 2022?
7. Hversu margar brottvísanir til Ungverjalands hafa verið framkvæmdar frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag?
8. Hversu mörgum börnum hefur Útlendingastofnun tekið ákvörðun um að vísa til Ítalíu á grundvelli 36. gr. útlendingalaga, nr. 80/2016, frá upphafi árs 2021?
9. Hver er heildarkostnaður lögreglu vegna brottvísana og fylgdar úr landi frá upphafi árs 2021 til dagsins í dag að kostnaði vegna aðgerða innan lands meðtöldum?

Skriflegt svar óskast.